

Þeir sem gerast kaupendur VÍSIGIS eftir  
10. hvers mánaðar fá blaðið ókeypis til  
mánaðamóta. — Sími 1660.

# VÍSIGIR

Þriðjudaginn 24. marz 1953.

## Ung íslensk listakona vinnur sigur erlendis.

### Á höggmyndir á Charlottenborgar- sýningunni, sem vekja mikla eftirtekt

Um þessar mundir stendur yfir í Kaupmannahöfn hin árlega Charlottenborgarsýning, en hún er ávallt talin stór viðburður í listalífinu þar.



Ólöf Pálsdóttir.

Aðeins viðurkenndir listamenn koma verkum sínum að á sýningunni, eins og kunnugt er, og er af því mikill ávinningur á framabrot hvers listamanns. Einn íslenskur myndhöggvari, Ólöf Pálsdóttir, á verk á sýningunni að þessu sinni, en hún hefur vakið á sér mikla eftirtekt fyrir frumleik og hlotið mjög lofsamleg ummæli í dönskum blöðum, bæði að þessu sinni og svo fyrir fyrri sýningar sínar.

Á Charlottenborgarsýningunni eru nú um 700 valin verk eftir danska listamenn og listamenn annarra þjóða. Hefur það því vakið mikla eftirtekt að í dönskum blöðum, sem skrifa um sýninguna, hefur Ólafar verið sérstaklega getið, og þykja höggmyndir hennar bera vott um þroskaðan listasmekk.

Í blöðunum Politiken og National tidende, hafa áður birt myndir af höggmyndum Ólafar og sagði t.d. Politiken um höggmynd eftir hana, að það væri þroskaðasta verkið á sýningunni „fagurt fyrir mjúkar línur og látlausa túlkun formsins.“

Í þriðja blaðinu, Berlingske Tidene, er birt viðtal við Ólöfu.

Ólöf Pálsdóttir er dóttur Hildar Stefánsdóttur og Páls Ólafssonar ræðismanns, og hefur hún stundað nám undanfarin ár við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, en einnig farið

námsferðir til Frakklands, Ítalíu og Spánar. Hún hefur þrisvar sýnt verk á merkum sýningum og í öll skiptin hlotið mjög lofsamlega dóma gagnrýnenda blaða.

Á hinni stóru sýningu „Den frie“ s.l. haust átti Ólöf tvö verk, og birti þá National Tidende mynd af öðru, og var það að dómi listgagnrýnenda blaðsins bezta höggmyndin á þeirri sýningu.

Og nú fyrir skömmu birtu tvö blöð mynd af nýju listaverki eftir Ólöfu, sem er á Charlottenborgarsýningunni, og segir Politiken, að það komi mönnum „gleðilega á óvart“, að listakonan sé „sjálfstæð, hugmyndarík og djörf“ í list sinni. Í Beringske tidende er getið um sama verk hennar og sagt, að það sýni nýja og eðlilega lausn á ákveðnum listrænum viðfangsefnum.

Er mjög ánægjulegt að geta skýrt frá því hér, að íslenskur listamaður skuli hafa getið sér svo góðan orðstír sem raunber vitni um Ólöfu, og óskar blaðið henni til hamingju með sigurinn.



Listaverk eftir Ólöfu, sem er á Charlottenborgarsýningunni.

Brezkur togari frá Grimsby, á heimleið frá Íslandsmiðum, strandaði í fyrrinótt í þoku við innsiglinguna til Scapa Flow, Orkneyjum. Sjö menn fórust af 18, sem á togaranum voru.

## Bæjarstjórn ekki fráhverf æskulýðshöll.

Stjórn BÆR hefur snúið sér til borgarstjóra til þess að fá skýrt afmarkað afstöðu bæjarstjórnar til æskulýðshallar-málsins.

Sumir hafa misskilið samþykkt, sem gerð var í bæjarstjórn 5. f. m. svo, að horfið yrði frá byggingu æskulýðshallarinnar. Svar borgarstjóra hefur nú borizt, og segir þar m. a., að ýmis félög hafi unnið að því að koma upp félagsheimilum, og hafi þau notið styrks til þessa úr bæjarsjóði. Sé þetta eðlileg þróun. Hins vegar hefur bæjarstjórn haft nána samvinnu við stjórn BÆR og heitið fjárstyrk til fyrsta áfanga æskulýðshallarinnar.

Stjórn BÆR telur svar borgarstjóra viðunandi og í samræmi við stefnu BÆR.

Stjórn BÆR hefur nú gefið út ávarp þar sem skorað er á bæjarbúa að sameinast um að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd, en barnalegar deilur um nafn hússins látnar niður falla. Nafni sé algert aukaatriði, en verkið varði öllu.

### Skák:

#### Friðrik vann Gilfer Ingi náði jafntefli við Baldur.

Önnur umferð Skákþingsins var teft í gær.

Í landsliðsflokki vann Friðrik Ólafson Eggert Gilfer og Guðmundur Ágústsson vann Steingrím Guðmundsson. Jafntefli varð hjá Guðmundi S. Guðmundssyni og Guðjóni M. Sigurðssyni, Inga R. Jóhannssyni og Sveini Kristinssyni.

Í meistaraflokki vann Jón Pálsson Jón Viglundsson og Guðmundur Guðmundss. vann Anton Sigurðsson. Jafntefli varð hjá Birgi Sigurðssyni og Ingimundi Guðmundssyni. Hin ar þrjár skákirnar fóru í bið.

Biðskákir verða tefldar á fimmtudag, en þriðja umferð fer fram á sunnudaginn kemur.

Í frásögn blaðsins af skákþinginu í gær féll niður lína í prentun og gefur hún því ekki rétta mynd af öllum leikjunum. Hið rétta er, að Margeir Sigurjónsson vann Gunnar Ólafsson og Þórður Jörundsson vann Jón Viglundsson, en biðskák varð hjá Antoni Sigurðssyni og Birgi Sigurðssyni.

## Farið Eyja En b

Nokkrar líkur er Vísir átti tal una í gær, að s stund til norða um mestan hluta

Norðaustlæg á Vestfjörðum í koma sumstaðan kjálkanum, og fyrir, að sækja til norðaustlæg mestallt landið.

Milt og úrko verið tíðast í m mikið, og snjóá Hefur ekki verið staðar alla daga megi segja, að verið einmuna mun sennilega yfir meðallag. S lendi á sinn þát sem orðið hefur fljótlega hefur b ingar víða, þótt bili.

Engu verður veðurfarið um neinni vissu. Ma hvítum páskun skíðafólkið, en l

## Framboð í Árnes

Framboðslisti flokksins í Árnes ingarnar í sumar ið ákveðinn.

Er hann þann Sigurður Óli Óla 2. Steinþór Gest Sigmundur Sigur Langholti og 4. urðsson, Seljatur

Sigurður Óli Ó á þingi við frá arssonar frá H hann reynzt hin ur. Steinþór Gest ur maður af afs af málefnum þa frambjóðendurni fyllta trausts í

## „Land leik

Þar koma en frums

„Landið gleyn leikrit Davíðs St Fagraskógi, verð Þjóðleikhúsinu á